

**15. fundur Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða, haldinn fundarsal Félagsheimilnu Patreksfirði, mánudaginn í Háskólasetri Vestfjarða 10. mars kl 13.00.**

Mætt voru Lilja Magnúsdóttir, formaður, Ástrós Þóra Valsdóttir, Bragi Þór Thoroddsen, Finnur Ólafsson, Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Matthías Lýðsson, Páll Vilhjálmsson og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir.

Forföll boðuðu; Arnlín Óladóttir, Aníta Björk Pálínudóttir, Arinbjörn Bernharðsson, Eva Sigurbjörnsdóttir, Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir, Kristján Þ Kristjánsson, Margrét Dögg Sigurbjörnsdóttir og Þorgeir Pálsson

Auk þeirra sátu starfsmenn fundinn frá Vestfjarðastofu Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaþróunar sem ritaði einnig fundargerð og Hjörleifur Finnsson, verkefnastjóri. Hinsvegar Hrafnkell Proppé, skipulagsráðgjafi frá Urbana ehf og Hlynur Torfi Torfason skipulagssérfræðingur frá VSÓ ráðgjöf. Fundinn sat einnig Grettir Ásmundsson, byggingarfulltrúi, Strandabyggðar

Efni fundarins er að halda áfram umræðu frá 14. fundi um vinnslutillögu.

Dagskrá

1. Framtíðarsýn Vestfirðir 2050 - samantekt vinnuhópa og næstu skref
2. Vinnslutillaga - stefna um samgöngur
3. Vinnslutillaga - stefna um orkuöflun og orkuflutninga
4. Næstu skref

Formaður bauð fundarmenn velkomna til fundar. Formaður kannaði síðan með boðun fundarins, engar athugasemdir komu fram og gengið var til dagskrár

1. Framtíðarsýn Vestfirðir 2050 - samantekt vinnuhópa og næstu skref

Formaður gaf Hrafnkeli orðið. Hann kynnti samantekt vinnuhópa á 14. fundi þar sem lagðar eru línur í korti um þróun íbúafjölda á þrem atvinnu og þjónustusvæðum innan Vestfjarða til ársins 2050.

Lagðar línur í korti um þróun samgangna til lengri tíma litið en þau samgönguverkefni sem hafa verið kynnt í samgönguáætlun. Kynntar hugmyndir sem komu fram með helstu drifkrafta í atvinnulífi og staðsetningu verkefna þeim tengdum.

Næstu skref er að víkka samtalið með hagaðilum um hugmyndir nefndarinnar um samgöngur innan Vestfjarða og innan atvinnusvæða á Vestfjörðum.

Næstu skref um þróun byggðar með hagaðilum um íbúaðróun og dreifingu þeirra og hvaða gæði eru líklegust til að laða nýja íbúa að og aldursamsetningu.

Til máls tóku auk formanns og Hrafnkell, þau Finnur, Sigríður, Matthías, Páll, Jóhanna, Bragi og Hjörleifur.

## 2. Vinnslutillaga - stefna um samgöngur

Formaður gaf Hrafnkeli orðið. Hann kynnti fyrstu drög að stefnu og framsetningu stefnu í kafla Samgöngur 7.2 sem er sett fram með áherslum og undirmarkmiðum. Einnig verði tekið til umræðu form kaflans og undirkafla 7.2.A, B, o.s.fr um stefnu í samgöngu setji fyrirmynd fyrir aðra kafla og málaflokka. Hrafnkell tók einnig til umræðu hvernig verði eftirfylgni t.d. sameinast um skipulagskrifstofu.

Til máls tóku; Hjörleifur, Finnur, Matthías, Lilja, Jóhanna, Sigríður, Aðalsteinn, Ástrós, Bragi og Matthías.

Formaður bar upp tillögu að uppbygging skjalsins verði sem lögð var fyrir fundinn og undirkaflar verði mótaðir í ljósi umræðu á fundinum. Tillagan samþykkt.

## 3. Vinnslutillaga - stefna um orkuöflun og orkuflutninga

Formaður gaf Aðalsteini orðið. Hann kynnti drög að stefnmörkun í orkumálum sem unnin voru að hálfu Herdísar. Sett eru fram sjónarmið sem myndu leiða til samstöðu um framsetningu stefnunnar. Til máls tóku auk Aðalsteins. Páll, Sigríður, Finnur, Bragi, Jóhanna, Lilja, Hjörleifur, Ástrós, Hlynur og Hrafnkell

Formaður lagði til að umræða haldi áfram.

## 4. Næstu skerf

Formaður gaf Hrafnkeli orðið.

Rætt um skipulag næstu funda og forgangsröðun viðfangsefna (kafla) svæðisskipulagsins . Miðað við að geta kynnt fyrstu drög vinnslutillögu. Samkvæmt fundarskipulagi væru fundir 31. mars (fjarfundur) og síðan fundur 2. apríl í tengslum við Fjórðungssþing Vestfirðinga að vori.

Rætt um tímaáætlun og virkni svæðisskipulagsins eftir að það verði afgreitt.

Formaður þakkaði fundargestum fyrir þátttöku í fundinum og sleit fundi kl 16.05